

## Samningur um kaup á slökkvibifreið fyrir Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 hér nefndur kaupandi og Ólafur Gíslason & Co. hf. / Eldvarnamiðstöðin, kt. 500269-3759 hér nefndur seljandi gera með sér svofelldan samning um kaup á slökkvibifreið.

### 1. gr. Lýsing á samningsvöru

Seljandi selur kaupanda eina slökkvibifreið samkvæmt meðfylgjandi lýsingu og tilboði seljanda, dags 16.apríl 2019.

### 2. gr. Samningsgögn

Eftirtalinn gögn skulu vera fylgiskjöl samnings eða hluti af honum:

- a) Tilboð seljanda, dagsett 16.apríl 2019 ásamt tilheyrandi gögnum.
- b) Byggingar- og tæknilýsing frá framleiðanda dagsett 16. apríl 2019.

### 3. gr. Verð

Kaupanda ber að greiða fyrir bifreiðina heildarupphæð sem nemur kr. 38.758.238,- í bókstöfum kr. Þrjátíu og átta milljónir, sjö hundruð fimmtíu og átta þúsund, tvö hundruð þrjátíu og átta 00/100. Uppgefið verð skal fela í sér öll gjöld sem í dag eru á slökkvibifreiðum og allan kostnað vegna flutnings sem og kostnað við kennslu og prófun að undanskyldum virðisaukaskatti. Bifreiðin afhendist fullfrágengin og tilbúin til notkunar hér á landi og engin ógreidd gjöld á henni.

### 4. gr. Tryggingar

Tryggingar seljanda skulu bæta allt tjón sem getur orðið á bifreiðinni fram að afhendingu.

### 5. gr. Afhendingartími – greiðsla

Slökkvibifreiðina skal afhenda fullfrágengna og tilbúna til notkunar. Greiðsla mun eiga sér stað innan 15 daga frá staðfestri móttöku kaupanda á bifreiðinni. Tegund, afhendingartími og verð samkvæmt tilboði seljanda er svohljóðandi:

	<b>Tegund:</b>	<b>Afhendingartími:</b>	<b>Verð í kr.:</b>
Bifreið 2019	ISS Wawraszczek TLF 1500/100 Ford F550 4x4 One Seven	7 mán. frá undirskrift	38.758.238,-
<b>Samtals verð í kr.</b>			<b>38.758.238,-</b>

### 6. gr. Gengisbreytingar

Tilboðsverð seljanda er gengistryggt og miðaðst tollgengi EUR 136,00 í apríl 2019 sem tilgreint er í tilboði.

### 7. gr. Vanefndir

Verði um verulegar vanefndir á samningi þessum að ræða, vörur gallaðar eða ekki í samræmi við lýsingu seljanda eða þjónusta ekki í samræmi við tilboð bjóðanda, er kaupanda heimilt að rifta honum einhliða án frekari fyrirvara og krefjast bóta af seljanda vegna tjóns sem kaupandi hefur orðið fyrir.

### 8. gr. Ágreiningsmál


Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 9. gr. Frumrit samnings

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila. Gögn sem talin eru upp í 2. grein, eru fylgiskjöl með samningi og hluti af honum.


*Ísafjörður,*

f.h. seljanda  
Ólafs Gíslasonar & Co hf/  
Eldvarnamiðstöðin



Benedikt Einar Gunnarsson

f.h. kaupanda  
Ísafjarðarbæjar

með fyrirvara um  
samþykki bæjarsk  
BÆJARSTJÓRN  
  
Guðmundur Gunnarsson

Vottar:

*Þorbjörn Jónsson*